



# 12

## **BRESKIR LIST- MÁLARAR**

14/5 - 5/6 1977  
KJARVALSSTAÐIR  
REYKJAVÍK - ÍSLAND

**Colin Cina**  
**Julian Cooper**  
**Michael J. Crowther**  
**Jennifer Durrant**  
**Paul Hempton**  
**Knighton Hosking**  
**Kerry Kennedy**  
**Barry J. Martin**  
**Alan Miller**  
**Alex Thomson**  
**David Whitaker**  
**Tony Wilson**

## Formáli

Á árunum 1972-74 var ég við nám í Lundúnum og fylgdist þá náð með því sem var að gerast í breskri myndlist, naut þess og reyndi að skoða það í þjóðfélagslegu og listsögulegu samhengi. Þar var um auðugan garð að gresja, en einna mesta ánægju hafði ég af þróun mála í breskri höggmynda- og malaralist. Komst ég fljótt á þá skoðun að áhugamál ungra listmálara í Bretlandi mætti sjá í hnotskurn á sýningum þeim sem sýningarsalur breska listaráðuneytisins (Arts Council), Serpentine Gallery, stóð fyrir á ári hverju, en þar var lögð áhersla á að kynna unga og efnilega listamenn í mörgum greinum myndlistar.

Hlutbundin túlkun var ekki ofarlega í huga þeirra listmálara sem þar sýndu heldur fjölluðu verk þeirra um togstreituna milli hins tvíviða og þrívíða, ljóss og myrkurs, tilfinninga og rökvisi, - aldagómul vandamál að visu, en höndluð með sérlega breskum skilningi á gildi ljóðrænnar innlifunar.

Í samráði við Sue Grayson, listrænan framkvæmdastjóra Serpentine Gallery, valdi ég þessa 12 listamenn sem hér eru til sýnis, sem fulltrúa ungra breskra málara, með það í huga að kynna þá hér á landi, - en það er bjargföst trú mín að þjóðleg list verði góð list aðeins með því að taka tillit til og bera sig saman við það sem er að gerast annars staðar í heiminum.

Nú hefur þessi draumur minn ræst fyrir tilhlutan Listráðs hér að Kjarvalsstöðum og fyrir það kann ég ráðinu miklar þakkar. Ég vil einnig þakka Sue Grayson fyrir stóðugan stuðning hennar og uppörvun, svo og aðstoð við uppsetningu sýningarinnar. Listamönnum þakka ég fyrir þátttökuna, en tveir þeirra hafa reynt sérstakir haukar í horni, þeir Barry Martin sem ritaði

## Preface

From 1972-74 I was a student of art history in London and followed avidly the development of British art, which I enjoyed and tried to see both in its social and art historical context. Of course a great many things were happening, but what I enjoyed most were the changes and speculations taking place within British painting and sculpture. Soon I came to the conclusion that if one wanted to survey the concerns and problems of young British painters, they could be found, in a nutshell, in the Art Council's Serpentine Gallery, which every year made a point of showing young and promising artists.

These painters were on the whole not interested in figurative painting. Instead their works dealt with the clash, - or reconciliation, of space and flatness, of light and darkness, feelings and logic, - age old problems to be sure, but handled with a particularly British respect for lyrical intuition.

In collaboration with Sue Grayson I chose these 12 artists on show here, as representatives of young British painters today, with the intention of exhibiting their paintings in my country, for it is my firm belief that a national art will become an art of quality only if it takes into account outside developments.

At last my plans have been realized, due to the interest of the present arts council here at Kjarvalsstaðir, - for which I am very grateful. I would also like to thank Sue Grayson for her support and encouragement over a period of three years, as well as for her assistance in setting up the exhibition. My gratitude too, to the artists concerned, for their enthusiasm for the project. Two of them have in fact done more

inngang að sýningunni og Colin Cina sem leiðbeindi við uppsetningu. Ég og Listráðið stöndum einnig í þakkarskuld við Arts Council og British Council í Bretlandi og Eimskip og Flugleiðir fyrir einstaka greiðasemi. Vona ég að þessi sýning verði til þess að opna augu almennings og örva listamenn. Þá er tilganginum náð.

Aðalsteinn Ingólfsson  
framkvæmdastjóri Listráðs

than their due : Barry Martin who wrote the introduction, and Colin Cina who gave helpful advice on the mounting of the show. Our thanks also to the Arts Council of Great Britain, and the British Council as well as Eimskip and Flugleiðir, all of whom lent a helping hand. I hope this exhibition will open the eyes of the general public and stimulate our artists. No one could ask for more.

Aðalsteinn Ingólfsson  
Art Director

## Inngangur

„Listmálarar verða að tala með málningu sinni, - ekki orðum“ (Bandaríski listmálarinn Hans Hofmann "It Is", Nr. 3, 1959)

Hinn viðkunni listáhugamaður og heimspekingur Herbert Read sagði: „Í dag krefjumst við ekki af listamanninum tjáningar á" voldugri og nægjusamri sál", sem var lýsing Winckelmanns á forngrískri list, og ekki heldur sögugerðar eða heimspeki. Nú fórum við fram á tjáningu sannleikans og þegar við metum hvort listamanninum hafi tekist vel eða illa upp í þessu efni, þá notum við sem mælistiku hugmyndina um hina persónubundnu lífsorku, en ekki hinn forna mælikvarða: samstillingu og samræmi.“

Málarar, sem hér sýna verk sín, vinna flestir hvatlega og þeir eru sérstæðir einstaklingar sem ekki hræðast mistök. Hin listræna barátta er um hið „sanna“ og „réttu“. Tilvitnunin hér efst hefur mikla þýðingu fyrir listamanninn í dag, kannski meiri þýðingu en oft áður. Að visu gat Hofmann ekki séð fyrir þróun myndlistar á síðustu árum sjötta áratugsins, þegar fjöldi listamanna hóf að tjá sig með orðunum einum eða þá með þurrlegum rannsóknum. Þrátt fyrir það er það enn málningin og sveigjanleiki hennar sem hefur gert listamanninum kleift að skilja undirstöðu mannlegrar sköpunar og finna sjálfan sig. Litum á það sem Hofmann segir um hugtakið „gæði“: „Listamaður er metinn fyrir eigin innsýn og tjáningu hennar, en ekki fyrir það hvernig hann fylgir hefðinni. Þess vegna er það ávallt merki um óvissu, þegar listaverk eru metin og dæmd með tilvísun í verk annarra. Gæði eru gæði, hvar sem þau leynast. Listamaðurinn verður að fylgja innri sannfæringu, en ekki að elta tisku“.

Listamennirnir á þessari sýningu eru í raun að segja: „Hvað get ég gefið listinni af sjálfum mér?“ en ekki „hvað get ég gert, ef tekið er mið af nýjustu tækni og listsögulegri þróun?“.

Nýlist í Bretlandi er orðin mjög kreddubundin. Sú staðreynd er tengd því endurskipulagi á listaskólum í Bretlandi sem komið hefur verið í kring á síðustu árum og þær stofnanir hafa ávallt áhrif á yfirbragð listar á hverjum tíma. Eftir stúdentaóeirðirnar 1968, hafa breskir listaskólar verið neyddir til að „standa skil á starfi sinu“ og „falla inn í munstur æðri menntunar.“ Áherslan á gagnmenntun, háskólakröfur og aukánámsgreinar innan listaskóla hefur varnað mörgum skólanum að kenna málun og skúlptúr til hlítar.

Listmálararnir hér á sýningunni eru í litlum vafa um áhugamál sín og stefnumórk. Sérhver þeirra hefur tekið sér málninguna að miðli, með opinn huga gagnvart eðli þess og framtíðarþróun. Þeir hræðast ekki fagurfræði. Michael Crowther segir: „Ég vildi gjarnan að málverk min hefðu til að bera þá rúmhugsun og þyngd sem finna má í hinum voldugu málverkum Matisse frá 1914-16, - þau hafa haft mikil áhrif á mig.“ Tony Wilson segist reyna „að skapa sérstakt rúm-raunsæi í hefðbundnum skilningi þess hugtaks, en á eins hlutlausan hátt og mögulegt er.“ Í fyrri verkum sínum taldi hann sig fjalla um „togstreituna milli uppbyggingar og samræmis, - ég vildi beita geómetríu í grunnu rúmi“.

Landslag er flestum þessum málurum mikilvægt, eins og glöggur kemur fram í ljóðrænum náttúruminningum í verkum Paul Hempton og Julian Cooper. Samsetningar Kerry Kennedy fjalla um það hvað sé landslag og hvað ekki. Knighton Hosking birtir minningar um sundurslitin landslagsform sem falla inn í markvissan leik með rúm og yfirborð. Hin óhlutbundnu verk Mike Chrowther og Alex Thomson sýna m.a. málningu fellda í reiti eins og ræktað land.

Í öllum þessum tólf tilfellum sjáum við sterka persónuleika að verki. Engin tilraun er gerð til þess að setja málverkinu skorður sem ráðast af öðru en því sem verkinu viðkemur. Ég álit að aðeins með því að „skapa“ og vera meðvitandi um það handverk sem því fylgir, fæðist persónuleg tjáning. Aðeins á þann hátt getur listamaðurinn opinberað hlutlaust vitneskju sína um hið óvissa eðli sjálfstjáníngar.

Ameríski „concept“ listamaðurinn Sol Le Witt er á því að „í öðrum greinum listar geti upphafleg hugmynd breyst við vinnslu“. Hann er sannfærður um að í myndverki „séu allar ákvarðanir teknar fyrirfram.“ Þessi skoðun hefur sérstaka þýðingu fyrir listamennina hér. Hugmyndir þeirra og rúmtilfinningar blandast þegar í upphafi máverkanna, ásamt minningum um staði og öðrum tilfinningum.

Listmálarar treysta á hæfileika sína til að bregðast við á skynrænan hátt, að skynja og finna fyrir umhverfinu eins og hver annar, en síðan reyna þeir að festa þessi viðbrögð með málningu á flöt. Í þessu felst stöðug endurskoðun og upphaflega hugmyndin breytist í vinnunni. Þeir virða breytileika tilfinninganna. Tilfinningar stjórna lífi þeirra og starfi í sama mæli og hugmyndir og forskrift. Málningin verður ómissandi tæki til að grípa á lofti öll stig tilfinninga.

Listamennirnir hér á sýningunni hafa ekkert við hina hefðbundnu upphengingu málverka að athuga. Þeir eru sáttir við það að málverk þeirra skuli vera sýnd í afmörkuðum sýningarsölum. Þeir taka þessa hefð sem sjálfsagðan hlut.

Amerísk málalíst, svo sem „all-over“ tæknin, litunartæknin og fleiri tilbrigði hafði mikil áhrif á enska málalíst á árunum eftir 1960. Þeir listamenn sem hér eru sýna glöggst hvernig þeir hafa losnað undan þeim áhrifum. Andspyrna þeirra er ólík því sem átti sér stað með hina svokölluðu „Situation“ málara í Bretlandi á árunum eftir 1960, en þeir svóruðu Ameríkumönnum með því að mála mjög sterkbyggt og skipulega, – sem var einnig andóf gegn hinum „ljóðrænu, náttúrulegu verkum St. Ives málara“, auk þess sem þau vinnubrögð veittu þeim ráðrum til að undirstrika ný gildi. Þau gildi grunvölluðust á „nýrri rúm hugsun“ og „tengslum áhorfanda og málverks“ (Úr sýningarskrá „Situation“ málverkasýningar). Þessar „Situation“ sýningar í London árin 1960 og 1961 mörkuðu upphaf reglulegrar óhlutbundinnar málalístar í Bretlandi. Að sjálfsögðu var áður málað óhlutbundið í Bretlandi, en ekki á eins yfirgripsmikinn hátt.

Fá málverk á þessari sýningu eru skyld verkum annarra breskra listmálara, nema þá mjög lauslega. Ekkert þeirra er t.d. eins einfalt í sniðum og þær myndir sem málariinn Jeremy Moon gerði á miðjum sjötta áratugnum, – stórar, óhlutbundnar en með mjög ensku yfirbragði. Málverk Colin Cina eru líklega skyldust þeim að byggingu, en sterklita og titrandi yfirborð þeirra virkar allt öðru vísi á áhorfandann. Breski gagnrýnandinn David Thompson hefur sagt að „breski málalíst eigi það sjaldan til að leggja fram ótvíræðar sannanir og byggist ógjarnan á völdugri samstillingu og stöðugleika, sem eru forsendur klassískrar lístar“. Mér virðist sem þau yfirveguðu, klassísku vinnubrögð sem voru svo mörgum „hard-edge“ málurum nær eftir 1960, eigi sér ekki talsmenn á þessari sýningu.

Á síðustu árum sjötta áratugsins og á fyrstu árum þess sjöunda hefur farið fram róttækt endurmat á eðli sjónrænnar miðlunar innan myndlistar. Kerry Kennedy segir verk sín vera „sjálfs-skoðun með því að reyna gildi fundinna tákna“ og er hann því á svipuðum slóðum og starfsbróðir hans Tom Phillips sem teflir saman fjölda ólíkra atriða.

Og áfram er haldið við að ígrunda eðli myndrúms og hvernig megi fylla það, en þau

heilabrot hafa verið snar þáttur málunarhefðarinnar frá upphafi. Í verkum Colin Cina sjáum við rétta skiptingu hlutfalla ítrekaða, áhersla er lögð á bilið milli eininga og sjónræna þyngd hvorrar einingar, svo og „rúmið“ milli linanna. Alex Thompson dreifir birtu jafnt og ákveðið um myndflötinn og finleg tónstig í málingu hans mynda órofa viðáttu sem við þekkjum innra með okkur. Mismunandi málunartækni þeirra Colin Cina og Alex Thompson er út af fyrir sig afar lærdómsrík, þar eð hún gefur til kynna rúm hugsun beggja og hvernig hún er uppbyggð. Þessir málara, sem við sjáum hér, lýsa sjálfum sér með málverkinu, en reyna samt að gera þau eins óháð sér og mögulegt er. Verk Alan Miller „Trough a Glass Darkly“ inniheldur leifar af sniðum sem virðast rifin á jöðrum. Þau sýnast éta eða brenna sig inn í strigann Miller leggur hvítt yfir svart eða dregur dökkan slóða við hvítan jaðar til að aðskilja myndhluta. Á einum stað er málingunni leyft að leka niður á við og skapa þannig lóðrétta áherslu. Pensilfór hans eru bæði þurrleg og safarík. Stór form eru sem umgjörð látausra smáatriða og hið tvíræða og grunna myndrúm hans er ólíkt því sem gerist í málverkum Tony Wilson sem eru mun læsilegri. Þar sem hinn síðarnefndi býr til óljósa dul með hlutleysi málverka sinna, smíðar Miller leyndardóma úr litasamsetningum sínum. Colin Cina, í samtali um „MH“ myndröð sína frá 1971, sagðist vilja gera „málverk sem eru virk bæði í lit og áferð og sýna ótvíræða rökvisi“. Breskur gagnrýnandi, William Vareley, segir um nýjustu verk Colin Cina: „Með því að þekja strigann dilóttri málingu, verður myndrúmið enn grynna og jafnframt óræðara“. Í framhaldi af þessu segir Varley: „Við sjáum mjúkdauft, bólsturkennt andrúmsloft sem á stöku stað er rofið með föstum linuáherslum“.

Þessari lýsingu má beita til samanburðar við verk Alex Thomson, þar sem laust málaður flötur er öðru hvoru rofinn af línunum. Þar er málingunni nuddað inn í strigann, dreift og skipt og striginn er gegnsýrður lit sem gefur yfirborðinu sterkan munaðarlegan svip. Þar sem Colin Cina beinir athygli okkar í sífellu að jöðrum málverksins með teikningu sem jafnframt undirstrikar flatneskju, markar teikning Thomson ákveðin svæði. Línur hans umlykja aldrei til fulls, heldur dreifa sér og beina auganu sitt á hvað um dúkinn og jafnvel inn í hann og maður hefur á tilfinningunni að geómetrisk form séu í felum undir yfirborðinu. Skálinur Colin Cina eru gjarnan samstæðar en í andstæðum litum. Myndrúm Tony Wilson er

fyllt af fyrirbærum eins og trapisuformum, hringjum, skifum og hornréttum einingum. Þau sýnast næstum áþreifanleg og virðast á flugi í raunsæju rúmi, fyrir framan eða aftan hvort annað. David Whitaker segir að tilgangur sinn sé að „skapa sjónræna tilfinningu sem megi líkja við það að vera á hafi úti.... Áhrifin eiga að vera eins og horft sé í birtu yfir stigandi hafsinns“. Ljósíð, bæði taktfast og skarpt afmarkað, hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna, – það dreifir myndáherslum á misbjört svæði. Samspil andstæðna og mjúk áferðin er ríkur þáttur af inntaki verkanna.

Mike Crowther reynir að tefla saman, „minningum um landslag“ og eigin hugmyndum um myndsköpun. „Minningar um staði sem ég hef heimsótt spretta oft ósjálfrátt fram þegar ég mála“. Þær endurminningar, kröftug og tætingislegar í útliti, lifga upp á hið flata yfirborð. Málningin er hratt og þykkt áborin og kemur hreyfingu á hinar þéttskipuðu einingar málverksins. Höfuðatriði eru síðan undirstrikuð með ákveðinni teikningu sem skín í gegn um málninguna. Stundum virðast útlínur loka striganum við jaðar málverksins, en ekki öfugt sem algengara er.

Eftir að Knighton Hosking lauk hinum svokölluðu „Fónix“ málverkum sínum árið 1975 hefur honum fundist að hið „persónulega“ í verkum sínum væri þurraúsið og hefur hann síðan unnið stóðugt við eitt stórt málverk sem hann nefnir „One Partial View, River of Pools“ sem er mjög frábrugðið eldri verkum hans. Í fyrsta sinn notar hann beinar tilvitnanir í hlutveruleikann. Í „3 Partial View I“ 1976 sjáum við móta fyrir rimlahliði og í „Binding“ frá 1975 notar Hosking hnút sem uppistöðu, bæði sem ták og sem mælikvarða innan myndarinnar. Hliðið birtist aftur í dulargervi í „One Partial View...“. Þar sést hrikalegt landslag, umlukt og sundurskorið af undnum lengjum í lágtóna litum. Í nýjstu myndum hans eru helstu atriði næstum þrykkt inn í yft yfirborðið sem sjálft er hrært til uns eitthvað form kemur í ljós. Við verðum vör við angurværð og eftirsjá í þessari notkun málarans á tünhliðinu heima.

Málverk Jennifer Durrant eiga í sjálfu sér lítið skyft við landslag, en þó eru í þeim lífræn atriði. Hún teiknar beint með málningunni og gerir enga tilraun til að fela ummerki eða endurskoðun. Formin lifna í máluninni sjálfri og eiga sér samsvörun annarsstaðar á fletinum. Hið heillega yfirbragð málverka hennar ræðst af einfaldri formhugsun og afdráttarlausum vinnubrögðum hennar. Oftast eru

formin eins og limd við strigann og gefa til kynna lögun hans og stærð. Engar sjónhverfingar eru viðhafðar. Ef við berum saman vinnulag hennar og Colin Cina, er augljóst að hún stefnir í allt aðra átt. Samt sem áður leggja þau bæði mikla áherslu á eðli strigans sem flatar.

Kerry Kennedy malar gjarnan eftir ljósmyndum, myndir af trjám, skýjum og landslagi sem hann síðan raðar saman á myndfleti, – bæði í svart/hvítu og litum. „Við skynjum umhverfi okkar fyrst og fremst gegnum landslag“ segir hann. „Mér finnst þess virði að tengja fyrirmynd og eftirmyndir“. Stundum skoðar hann landslag eins og í smjásjá, eins og við sjáum á smáblómumum neðarlega í „Drawing no. 79“, en fyrir ofan sjáum við yfir hæðir og dali, þaðan sem blómin koma. Myndeiningarnar eru einfaldar í sniðum og með tilvísun í ljósmyndirnar sjáum við þær sem landslag, nær og fær. Hvernig skiljum við það sem við sjáum? Slíkar spurningar eru hér við hæfi.

Paul Hempton og Julian Cooper stunduðu báðir nám við Goldsmiths listaskólann í London. Báðir leita þeir á náðir landslags í myndgerð sinni. En andrúmsloft allt og úrvinnsla er gjörólik í verkum þeirra. Í málverki Paul Hempton „Marker I“, sjáum við klett standa fyrir miðju, en að baki hans greinum við útlínur annars forms, svipað þeim sem koma fram í öðrum verkum hans. Veggurinn að baki klettinum er eins og tafla, þar sem lettaðar eru leifar þess sem áður hefur skeð í málverkinu. Hellisskúti heimspekingsins Platons hefði líkast til verið með þessu sniði. Kletturinn gæti verið einskona mælistika, til að „mæla út afgang málverksins“, svo notuð séu orð listamannsins. Bak við klöppina í „Marker IV“ hefur hringur verið dreginn á jörðina og þrengir sér meðfram klöppinni í átt til áhorfandans. Klöppin bæði ver og hylur miðbik þessa dularfulla hrings og við það magnast andrúmsloftið enn meir. Sterkleg löngun þessa forgrunnsforms er síðan eins og mótvægi við hvatlega málaða flekkina og strikin í kring. Við igrundum hvort markarinn hafi valdið þessum ummerkjum, en fáum aldrei úr því skorið. Gátan verður enn flóknari við það að hinar frjálslegu einingar í kring virðast upphaflega byggðar á geometriju og mundu því teljast til mannanna verka. Þau hanga mitt á milli forms og formleysu. Hið eyðilega andrúmsloft í hverri mynd eykur síðan enn á einmanakennd okkar. Hvert málverk er séð næstum hlutlaust úr ákveðinni fjarlægð. Þetta hlutleysi virðist síðan í andstöðu við lífliga pensildrættina. Þeir segja fyrir um rúmhugsun málverksins og samtímis gæða þeir

yfirborðið lífi.

Togstreitan milli hins verulega og hins óraunverulega er einnig mikilvægt atriði í verkum Julian Cooper sem segir: „Ég hef sérstakan áhuga á að mála fyrirbæri gerð af mannahöndum og tengja þau náttúrulegum staðreyndum, – og samsama þau. Ég vil nýta alla þá möguleika sem felast í tengslum hins mannlega og hins náttúrulega“, Cooper vinnur eftir formyndum af landslagi eins og í „Study for Riverbank“ 1975-6. Eftir fyrstu eftirmyndina umbreytir hann og fellir hana inn í málverkið. Hann styrkir lögum forma, þau verða við það áleitnari og fá nýtt líf. Í endanlegu málverki er landslagið orðið eins og í draumi eða ævintýri. Plöntur eða klettanibbur taka á sig nýja og oft ókennilega mynd og þau eru oft séð frá skörpu sjónhorni, – ekki ósvipað því sem gerist í málverkum Paul Hempton. Í mynd eins og „Piece of Ground, Vence“ 1976 gefur Cooper myndinni enn dularfyllri undirtón með því að fella tvo smásteina að einkennilegu ferstrendu opi sem gapir á flötum grunni. Í meðföllum Cooper, þróuninni úr formynd yfir í málverk, verður hinn kuldalegi norðurevrópski gróður eins og hitabeltspöntur, – blómstrandí og gróskumiklar. Í myndum hans erum við stödd úti í eilífu sumri, sem er gjörólíkt hinu innhverfa og afmarkaða umhverfi Paul Hempton.

Barry Martin

## Introduction

“Painters must speak through paint – not through words” HANS HOFMANN from “IT IS”, No. 3. WINTER-SPRING 1959.

Herbert Read said that “We demand from the artist not the expression of ‘a great and self-collected soul,’ which was Winckelmann’s description of Greek art; not a literary or philosophical ideal of any kind. For good or ill we now demand from the artist an expression of truth, and in judging the success of the artist in this task our criterion is the subjective criterion of vitality rather than the objective criterion of harmony”.

The painters in this show are excessive in gesture, individual in their stance and prepared to make mistakes. The art battle is in the struggle to try to be ‘right’ using self-referential terms, in the area of content and in those of the painting’s structure.

The opening quotation has a relevance to the painter of today of more importance than before and doubly meaningful.

First, Hofmann could not foresee the intrusion made into the fine art area majoratively in the late sixties of artists who would primarily ‘paint’ their art solely using words or other clinical means, and second that it is the flexibility of the medium, paint, which has allowed the individual to remain in touch with the keystone of all man’s endeavours, namely the search for the way to self-expression and self-identity.

To the issue of quality – “An artist is valued for his personal interpretive insight and not for his conformity to traditional patterns. So it is always an indication of uncertain knowledge if, when judging a work of art, one compares the work of one artist with that of another. Quality is quality wherever found. The artist must follow his inner urge, independent of fads and fashions”. Hofmann.

The painters in this exhibition are saying, “What have I to contribute to art that is of my spirit?” Not, “What can I observe given the facts and conventions of recent art history?”

Contemporary British art has become largely didactic. This is tied closely to the recent restructuring of British art schools. All the artists in the exhibition teach or have taught at art schools in Great Britain – and these have a large influence on the ‘flavour’ of art at any one



time. Especially since 1968 and the international student revolt, British art schools have "been forced to 'rationalize' themselves" and fit "into the general pattern of higher academic and technical education". Emphasis on education, university entrance requirements and a complementary study system within the art school curriculum has led many art schools away from teaching strictly painting and sculpture.

The painters in this show exhibit little hesitation about their chief concerns and the style of their art. Each artist accepts the medium of paint, for what it is, and for what it might become. There are conscious attempts to produce the aesthetic product. Also set are their intentions, as Michael Crowther states when he says, "I would like my paintings to have the kind of space and weight that I see in the great Matisse paintings of the 1914-16 period, they exert a massive influence on my work". Tony Wilson attempts "...to make a specific space-reality, in a traditional painting sense, without the use of subjectivity". He stated his earlier concerns as dealing mainly with "... the problems of composition-construction; confining the forms to geometry and limiting the depth into the painting".

Landscape plays a large part in most of these painters' work, as in the more overt forms of Paul Hempton and Julian Cooper that suggest an underlying elegaic purpose. Kerry Kennedy's collaged paintings provoke questions of what landscape is or might be. Knighton Hosking's fragmented visions of details of remembered landscape have incidents placed into an abstracted space/-surface. Mike Crowther's and Alex Thomson's abstracted spaces are of 'landscaped' paint.

In all twelve cases, a process of character identification is at work and importantly can be seen to be at work.

There is no tidying up in the presentation of the images to conform to any dictates that might originate outside of the painting process. I am taking the question of identity far by saying that it is only by the artist's recognition of the making process that he makes it possible for his self-expression to be revealed. And only then in that context will he be able to express his awareness of the transient nature of self-expression.

Sol Le Witt, an American conceptual artist believes that "... in other forms of art the concept may be changed in the process of execution".

He believes in the principle that for the work of art, "all of the planning and decisions are made beforehand".

It is worth mentioning that the last statements have particular relevance for the artists in this exhibition. Here, the concept or abstract idea is mingled at the outset of the painting with feelings for space, remembered places and sensations not capable of being engendered in the art work before the act of painting takes place.

Painters rely on their ability to respond through their senses, to think and feel as anybody else does and they try to put these response patterns into paint onto canvas. It is an ongoing activity as the painting is made and the concept is modified during this process. They respect the fleeting nature of feeling. Emotion governs their lives as much as ideas and concepts do. Paint becomes an indispensable instrument through which they can show these changes.

The artists in this show do not question the procedure and convention of hanging the work of art, per se. They do not raise the question of why they are revealing their work in an enclosed gallery space. This convention is kept and needed.

Questions testing the convention of painting as an activity are current in the Western fine art area.

The break away shown by these artists from the more overt influences of New York styles of painting such as 'all-over' or 'colour-stain' painting and the later 'easy' style of American West Coast painting, (which had little effect in Great Britain), is visually demonstrated by these young painters. This resistance is quite unlike the 'Situation' painters in Great Britain in the sixties who responded to American ideas on painting quite deliberately, partly as a reaction to the "lyrical, often nature-inspired work of the St. Ives painters" and which afforded the occasion to assert new values. Their reaction was to "new conceptions of space in painting" and "...the spectator's relationship to a painting". (Catalogue introduction to the 'Situation' shows). The 'Situation' exhibitions in London in 1960 and 1961 marked the beginning of abstract painting in Great Britain. There had been abstract painting before but never on the scale of these shows by English artists.

There are few paintings in this show which can

be easily related to other English painters' work except in a generalised way. None are as formally neat as, say, Jeremy Moon's middle period pictures made in the mid-60's. (Moon - an English painter - was making as near-pure abstract painting on a large scale as is possible and these showed very English qualities). Colin Cina's paintings are perhaps the closest, in this show, but his heightened and busy surfaces suggest a very different effect. David Thomson (a distinguished British art critic) said that "British painting has rarely been inclined to the unequivocal statement or to the fund of ordered harmony which is content not to describe but to be, and as a result it has produced little art which could truly be called classical". It would appear that this cool approach, significant of numbers of 'hard-edged' 1960's painters, is less important to the majority of painters in this exhibition.

The late 'sixties and the 'seventies in the arts have seen particularly radical speculation on the nature of visual communication pursued through visual communication.

Kerry Kennedy's "self-examination through the testing of found images" is within the same boundaries as Tom Phillips. Yet the questioning of space and how to fill it has gone on irrespective and is part of the tradition of painting. We see in Colin Cina's art an emphasis on scale, interval and the visual weight of each part of the painting, be it the 'space' in between the diagonals or not. Thomson's emphasis on general luminosity and almost subliminal variations in tone produce an undefined space yet we feel we know it. The different ways of applying paint seen between Alex Thomson's and Colin Cina's works is in itself instructive in suggesting each artist's concept of space and the character chosen for its articulation.

The artists in this exhibition seek to identify themselves through their painting. They try to make them as self-contained and autonomous as they can. Alan Miller's "Through a Glass Darkly" has fragments of shape that appear torn at the edges. Biting and cutting they score the canvas surface. Miller uses a light on dark, or dark on light edging line to demarcate shapes. In one part the paint is allowed to flow giving a smooth downward direction to the surface. Dryish brush marks are used as are more sensuous ones. Larger shapes enclose passive types and the ambiguous shallow space contrasts with that shown in Tony Wilson's paintings which are

more measureable and quantifiable. Whereas the latter almost creates mystery by the blandness of the work, Miller evokes mystery by an evocative colour structure.

